

Reykjavík, 23. febrúar 2011

Hr. Ögmundur Jónasson
Innanríkisráðherra
Innanríkisráðuneytinu
Skuggasundi 3
150 Reykjavík

EFNI: Skylda yfirvalda til inngripa v/framkomu fjármálafyrirtækja

Hæstvirtur Ráðherra:

Með bréfi þessu viljum við koma á framfæri athugasemdum um freklegan framgang fjármögnunarfyrirtækja sem hvergi á sér stoð í lögum þessa lands. Viljum við þannig benda á að téð fyrirtæki telja sér heimilt að brjóta á almennum borgurum, svipta þá eignum sínum og beita við slíkar aðferðir aflsmunar sem fáir einstaklingar fá staðið af sér.

Líkt og fram hefur komið í fréttamiðlum undanliðna daga og yður má ljóst vera, þá hafa svokölluð fjármögnunarfyrirtæki farið fram gegn viðskiptavinum sínum af fádæma hörku án þess að hafa fyrir slíkri framgöngu nokkra stoð í lögum. Skal hér bent á í hverju sú framganga felst og hver lög téð fyrirtæki eru að sniðganga og brjóta.

Hér er fyrst og fremst um að ræða atvik hvar fjármögnunarfyrirtækin Lýsing hf. og SP fjármögnun hf. beita hótunum um ólögmaeta vörslusviptingu bifreiða bregðist viðskiptavinur ekki við til samræmis við framsettar kröfur. Er þar bæði átt við hótun um vörslusviptingu bifreiðar hjá aðilum sem sótt hafa um greiðsluaðlögun hjá embætti Umboðsmanns skuldara, sem og hótun um vörslusviptingu gagnvart þeim aðilum sem vilja leita upplýsinga um forsendur endurútreiknings samninga sem dæmdir hafa verið andstæðir lögum nr. 38/2001.

Samtök lánþega telja í ljósi þeirra dóma sem þegar hafa fallið um álitafnið og samkvæmt skýrum ákvæðum laga nr. 151/2010, þá sé fjármögnunarfyrirtækjum ekki heimilt að beita þeim úrræðum sem hótad er. Er því til rökstuðnings bent á að umþrættir lánasamningar voru í niðurstöðum Hæstaréttar úrskurðaðir sem "Lánasamningar" og því ljóst að bifreið sem keypt er á grundvelli slíks samnings er eign lánþegans og því varin skýrum ákvæðum VII kafla stjórnarskrár lýðveldisins nr. 33/1944. Því má ljóst vera að óheimilt er að vörslusvipta téðar bifreiðar án atbeina dómstóla hvar eftir atvikum skal samþykkja eða hafna umbeðinni aðfarargerð á grundvelli framlagðra krafna gerðarbeiðanda. Til frekari rökstuðnings skal jafnframt bent á Hæstaréttardóm nr. 347/2010 hvar hafnað er kröfum Lýsingar hf. um að bifreið verði tekin með beinni aðfarargerð úr vörslum lánþega þar sem Lýsingu hf. tókst ekki að sanna að það ætti kröfu á lánþegann sem réttlætti slíka íþyngjandi aðgerð. Þar með er staðfest af æðsta dómstigi landsins að heimild til vörslusviptingar er ekki til staðar án atbeina dómstóla.

Jafnframt skal á það bent að hvergi í dómaniðurstöðum Hæstaréttar er að finna heimild til innheimtu þeirra vaxtabreytinga sem reiknaðar eru aftur í tímann. Slíka heimild er heldur ekki að finna í lögum nr. 151/2010 né í lögum nr. 38/2001. Því má ljóst vera að ágreiningur sá er fram er settur af lánþegum þessa lands fyrir tilstuðlan meðal annars Samtaka lánþega, er á rökum reistur og á sér skýrari stoð í lögum og dómafordæmum en framsettar kröfur fjármálafyrirtækjanna.

Er okkur því nauðugur sá einn kostur að leita á náðir yðar og krefjast þess að þér beitið yður þegar í stað fyrir því að téð fyrirtæki láti undanbragðalaust af heimildarlausum hótunum. Við höfum á borðum okkar fjölda dæma hvar einstaklingar og fjölskyldur hafa misst fótanna og hrakist út á jaðar samfélagsins vegna sambærilegra aðgerða og hér er vitnað til. Okkur er fyrirmunað að

skilja hvernig ríkisstjórn sem kennir sig til velferðar og jöfnuðar getur látið slíkt viðgangast þegar sannað er fyrir æðstu dómstigum landsins að umræddar aðgerðir og atvik eru andstæð settum lögum.

Við teljum að stjórnvöld hafi í þessu efni ófrávíkjanlega skyldu til inngripa og verði að gefa lögreglu skýr fyrirmæli um að verja eigur og réttindi þegna þessa lands. Örfáir einstaklingar og fyrirtæki þeirra ganga hér um héruð og grundir, beita fyrir sig óeftirlitsskyldum vörslusviptingafyrirtækjum og hirða upp eigur almennra borgara án nokkurrar heimildar í lögum og þvert á skýrar niðurstöður Hæstaréttar Íslands, svo sem að framan er rökstutt.

Þvíumlíkt er hvergi látið ótalið í siðaðra manna samfélagi og undir slíku eigum við, almennir borgarar þessa lands ekki að þurfa að sitja. Telji fjármögnunarfyrirtækin Lýsing hf. og Sp fjármögnun hf. sig hafa lagastoð fyrir aðgerðum sínum þá ber þeim að sýna fram á að slík stoð haldi með því að sækja mál fyrir dómi. Þangað til þá ber stjórnvöldum að verja eigur landsmanna og sjá til þess að eftirlitsskyld fyrirtæki fari að lögum og láti af gripdeild þeirri sem hingað til hefur verið látin óátalin af yfirvöldum og lögreglu landsins.

Við vonum að þér sjáið yður fært að bregðast við þessum rökstuddu ábendingum og að þér munið í framhaldinu benda lögreglustjóraembættinu á þær ríku skyldur sem á því hvíla við verndun borgaranna gagnvart þeim sem ekki telja sér skylt að fara að lögum og dómsniðurstöðum.

Við treystum á að yður sé annt um almannahag og að lögum þessa lands sé fylgt.

Með vinsemd og virðingu,

(SIGN)

Guðmundur Andri Skúlason
talsmaður Samtaka lánþega

Afrit er sent á rafrænu formi til:

Alþingismanna á 139. löggjafarþingi
Helstu fjölmiðla landsins
Guðjóns Rúnarssonar framkvæmdastjóra Samtaka fjármálafyrirtækja
Kjartans Georgs Gunnarssonar framkvæmdastjóra SP fjármögnunar hf.
Halldórs Jörgenssonar framkvæmdastjóra Lýsingar hf.
Haraldar Johannessen ríkislögreglustjóra
Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins
Björns Þorra Viktorssonar hrl.
Gísla Tryggvasonar talsmanns neytenda
Friðriks Ó. Friðrikssonar formanns stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna